

Leiðbeiningar fyrir eftirlitsaðila þegar vara er tekin af markaði og þegar hún er innkölluð.

Leiðbeiningar fyrir Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaga þegar matvæli, fóður og matvælasnertiefni eru tekin af markaði (withdraw) eða þegar vörurnar eru innkallaðar (recall). Markmiðið er að allt matvælaeftirlit í landinu vinni eftir samræmdu og skilvirku verklagi.

Matvælastofnun samræmir innköllun matvælaeftirlits á landsvísu hvort sem fyrirtækið er undir eftirliti Matvælastofnunar eða Heilbrigðiseftirlits sveitafélaga. Tilkynningar um innköllun eru sendar á þau eftirlitssvæði þar sem vörurnar eru í dreifingu. Í flestum tilvikum er einnig sent á önnur heilbrigðiseftirlitssvæði til upplýsinga. Tilkynning um innköllun er send í gegnum hraðviðvörðunarkerfi Evrópu (RASFF) ef varan er erlend og/eða grunur er um dreifingu í öðrum löndum.

Um „innköllun“ og þegar“ vara er tekin af markaði“.

Ef matvæli, fóður og matvælasnertiefni eru ekki talin örugg og mega ekki vera í dreifingu þá er varan fjarlægð af markaði og/eða innkölluð þannig að neytendur geti skilað vörunum.

Dæmi um vörur sem teknar eru af markaði getur verið t.d.: vegna merkingar tungumáls eða rangrar næringargildismerkingar.

Dæmi um vörur sem þarf að innkalla geta verið t.d.: Salmonella í kjúklingum og ef ofnæmisvaldar eru ekki merktir á umbúðir matvæla.

Þjónustugátt MAST

Eftirlitsaðili Matvælastofnunar (MAST) eða heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) skráir upplýsingar um innköllun á vöru á eyðublað merkt „innköllun matvæla“ inn í þjónustugátt MAST og fær staðfestingu í tölvupósti með málnúmeri tilkynningar. Til að fá aðgang að þjónustugátt varðandi innkallanir verður viðkomandi að skrá sig inn í gáttina með sinni eigin kennitölu og eftirlitsstofnun.

Eftirfarandi atriði þarf að skrá inn í eyðublaðið í þjónustugátt MAST (sem við á).

- Vörumerki
- Vöruheiti
- Lýsing á vöru
- Framleiðandi
- Innflytjandi
- Framleiðsluland
- Rekjanleikaupplýsingar: Lotunúmer/geymsluþolsmerking (best fyrir / notist eigi síður en eða síðasti notkunardagur)
- Strikanúmer
- Geymsluskilyrði (kælivara/frystivara)
- Dreifingarlisti (nákvæman lista allra sem hafa fengið vöruna afhenda, heimilisfang, magn, dagsetningu og lotunúmer)
- Ástæða innköllunar:
Fylgiskjöl (m.a. mynd af vöru, bréf til fyrirtækis frá eftirlitsaðila, vörureikningur, rannsóknarvottorð, fréttatilkynning).

Samræmingarstjóri innköllunar á Markaðssviði MAST áframsendir tilkynninguna á þau eftirlitssvæði þar sem matvælin eru í dreifingu. Netfang samræmingarstjóra innköllunar er markadseftirlit@mast.is

Árangur innköllunar

Eftirlitsaðilar kanna á sínu heilbrigðiseftirlitssvæði hvort innköllun sé lokið. Þeir þurfa að upplýsa Matvælastofnun með tölvupósti um árangur innköllunar og hversu mikið magn var innkallað. Eftirlitsaðilar þurfa að fá afrit af förgunarskýrslu, upplýsingar um endursendingu eða aðrar notkun á innkallaðri vöru.

Frétt um innköllun

Fræðslustjóri MAST fær frétt um innköllun frá samræmingarstjóra innköllunar MAST til að setja á heimasíðu Matvælastofnunar ásamt fylgiskjöllum þ.e. fréttatilkynningu, mynd af vöru. Sjá dæmi [innkallanir á heimasíðu](#). Einnig sendir fræðslustjóri fréttina á helstu fjölmiðla og netfangalista Mast-frétta. Dæmi: Samtök ofnæmissjúklinga, Bændsamtökin.

Lög og reglur

- Lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 102/2010 (Evrópureglugerð nr.178/2002).
- 8. grein laga um matvæli nr. 93/1995 og 14. grein reglugerðar nr. 102/2010 fjalla um öryggi matvæla og 19.grein reglugerðarinnar fjallar um innköllun.
- 28. grein laganna skyldar eftirlitsaðila til að upplýsa almenning um eðli áhættu ef rökstuddur grunur er um að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna.
- 30. gr. laganna heimilar stöðvun á starfsemi s.s. markaðssetningu ef grunur leikur á að matvæli séu heilsuspillandi.
- Lög og reglugerð um fóður (Lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri áburði og sáðvöru. Reglugerð nr. 102/2010 (178/2002/EB) gr. 11 til 20. í fylgiskjali 1. og í II viðauka reglugerðar nr. 107/2010 (183/2005/EB).
- Reglugerðir um matvælasnertiefni (reglugerð nr. 374/2012 m. br.nr. 231/2014)

Heimasíða Matvælastofnunar

Matvælastofnun birtir á heimasíðu sinni allar innkallanir og sendir einnig fréttatilkynningu til allra sem eru á póstlista vegna innkallana. Sýnishorn af [innköllun](#) má finna á heimasíðu Matvælastofnunar.